



Umsögn

Til: Sviðsstjóra velferðarsviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Rekstur áfangaheimilis fyrir konur að Njálsgötu 65

Sviðsstjóri velferðarsviðs hefur óskað eftir umsögn vegna reksturs áfangaheimilis fyrir konur að Njálsgötu 65.

Á fundi velferðarráðs þann 20. maí sl. var samþykkt að velferðarsviði yrði falið í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur áfangaheimilis fyrir konur að Njálsgötu 65. Þá var jafnframt gert ráð fyrir því að horfið verði frá því að nýta Víðines sem áfangaheimili eins og upphaflega tillagan um áfangaheimili sneri að, sbr. samþykkt borgarráðs frá 10. október 2019. Samkvæmt tillögu velferðarsviðs til velferðarráðs er árlegur rekstrarkostnaður vegna reksturs á 14 íbúða áfangaheimili rúmar 24 m.kr. og er skipting kostnaðar sýnd í töflunni hér fyrir neðan. Þá er í rekstri áfangaheimilisins gert ráð fyrir einni starfsmannaíbúð auk sameiginlegs rýmis. Fram kemur í greinargerð velferðarsviðs að Félagsbústaðir hlutist til um að láta framkvæma nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu, m.a. til að tryggja brunavarnir. Ekki er því gert ráð fyrir fjárveitingu vegna þess kostnaðar sem fellur til vegna þessa. Í tillögu sviðsstjóra velferðarsviðs um verkefnið, dags. 29. maí sl., er óskað eftir fjárheimild til rekstursins.

Kostnaðarmat vegna Njálsgötu 65

| | árl. kostnaður |
|-----------------|-------------------|
| Launakostnaður | 19.300.000 |
| Húsaleigugjöld | 16.500.000 |
| Húsaleigutekjur | - 14.520.000 |
| Annar kostnaður | 3.000.000 |
| Samtals | 24.280.000 |

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmat velferðarsviðs miðað við gefnar forsendur og telur að matið sé raunhæft. Launakostnaður vegna áfangaheimilis að Njálsgötu 65 gerir ráð fyrir tveimur starfsmönnum í 1,5 stöðugildum í dagvinnu og er sá kostnaður samkvæmt launatöflu.

Húsaleigugjöld eru áætluð samkvæmt upplýsingum frá Félagsbústöðum. Þar kemur fram að mánaðarleg húsaleigugjöld eru áætluð tæpar 84 þ.kr. á íbúð. Á ársgrundvelli fyrir 15 íbúðir (þ.a. er ein starfsmannaíbúð) væri sá kostnaður rúmar 15 m.kr. Ofan á það kemur síðan kostnaður vegna sameiginlegra rýma sem velferðarsvið áætlar að geti orðið um 1,4 m.kr. á ári eða ígildi 1,4 leiguíbúða.

Húsaleigugjöld Njálsgata 65

| | árl. kostnaður | mánl. kostn |
|---|-------------------|------------------|
| <i>Kostn pr. íbúð</i> | <i>1.005.600</i> | <i>83.800</i> |
| 15 íbúðir | 15.084.000 | 1.257.000 |
| sameiginlegt rými | 1.416.000 | 118.000 |
| Samtals 15 íbúðir + saml. rými | 16.500.000 | 1.375.000 |

Á móti húsaleigugjöldum koma húsaleigutekjur sem greiddar verða af íbúum. Í mati velferðarsviðs er áætlað að 11 íbúðir verði að jafnaði í fullri leigu og að mánaðarlegt leiguverð íbúða sé 110 þ.kr. eða samtals 14,5 m.kr. á ársgrundvelli eða tæpum 2 m.kr. lægri en heildarkostnaður vegna húsaleigugjalda. Nýting úrræðisins er mat enda hefur velferðarsvið ekki rekið áfangaheimili fyrir konur og því enn óljóst hver eftirspurn og raunnýting verður og æskilegt að endurmeta það þegar reynsla er komin á verkefnið og aðlaga fjárheimildar að því.

Áhrif á fjárheimildir sviðsins

Eins og fram hefur komið var þann 10. október 2019 samþykkt í borgarráði að heimila velferðarsviði að auglýsa eftir samstarfsaðilum um rekstur áfangaheimilis í Víðinesi á Kjalarnesi. Víðinesið hefur ekki verið tekið í notkun sem áfangaheimili og einu fjárheimildir tengdar verkefninu sem samþykktar eru í fjárhagsáætlun velferðarsviðs árið 2020 eru tæp 21 m.kr. vegna innri leigu. Ekki er hægt að flytja fjárheimildir af innri leigu þannig að þær nýtist til greiðslu á leigu til 3 aðila eða til greiðslu rekstrarkostnaðar. Því þarf að fjármagna þann rekstur sem áætlaður er vegna Njálsgötu 65 að fullu eða sem nemur 24,3 m.kr. á ársgrundvelli. Ekki er komin dagsetning á hvenær heimilið yrði tekið í notkun en gert ráð fyrir að það geti orðið í lok árs 2020. Mánaðarlegur kostnaður vegna reksturs áfangaheimilisins er rúmar 2 m.kr. og viðbótarheimildir vegna árisins 2020 yrði að fjármagna af handbæru fé.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*